

Nd.

231. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um sandgræðslu.

Frá nefndinni.

1. Framan við frv. komi ný grein, er verður 1. gr., svo hljóðandi:

Landstjórnin hefir yfirstjórn sandgræðslumála í landinu. En öll forstjórn opinberra ráðstafana til sandgræðslu og varna gegn sandfoki eða uppblæstri lands, skal falin Búnaðarfélagi Íslands.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

2. við 2. gr. Fyrri hluti greinarinnar: »Stjórnarráðið ákveður ástæður allar« orðist þannig:

Stjórnarráðið með samráði við sýslunefndir, þær er hlut eiga að máli, og eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, ákveður, hvar svæði skuli tekin til girðingar og sandgræðslu. Sá, er óskar að fá girt uppblásið svæði í landeign sinni, sendir Búnaðarfélaginu, beiðni um það, og lætur fylgja ítarlega skýrslu um ástæður allar.

3. við 7. gr. Í stað: »skógræktarstjóra« komi:
Búnaðarfélag Íslands.

4. við 9. gr. Í stað: »Skógræktarstjóri« í upphafi greinarinnar komi:
Búnaðarfélag Íslands.

5. við 9. gr. Í stað: »í fjarvist hans með þeim« í 3. línu komi:
hreppstjóri skal hafa eftirlit með þeim.

6. við 9. gr. Í stað: »skógræktarstjórans« í 3 línu að neðan komi:
Búnaðarfélaginu.

7. við 9. gr. Síðasta málsgreinin orðist þannig:

Um árslok sendir Búnaðarfélagið landstjórninni skýrslu um það, hvernig sandgræðslugirðingar og sandgræðslusvæðin hafist við, og í hvaða ástandi þau sjeu nú.

8. Á eftir 10. gr. komi ný grein, er verður 12. gr., svo hljóðandi:

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 54 frá 22. nóv. 1907 um afskifti forstjóra skógræktarmála og skógvarða af sandgræðslumálum og uppblæstri lands.